

## Fundargerð 117. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 09. nóvember 2017 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, , Kristmundur Skarphéðinsson, Guðmundur Sigurvinsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Andrés Bjarnason og Þorsteinn Hjálmarsson

Fjarfundur: Jón Jóhannsson

Fjarverandi: Símon Guðvarður Jónsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 116
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Reglur um kynningu frambjóðenda
4. Tillaga um breytingar á lögum VM
5. Bundin séreign
6. Ósk um styrk
7. Lagt fram til upplýsingar

Önnur mál

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 117

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð

### 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Viðræður við SFS í uppnámi, á föstudaginn í síðustu viku fór formaður á fund með SFS og Samgöngustofu sem fulltrúi sjómanna þar sem afhenda átti Samgöngustofu plagg sem var samþykkt í maí til að uppfylla bókun í kjarasamningi. En þá kom SFS með nýtt plagg þar sem þeir vilja fara í að skrá virkan vinnutíma. Formaður sagðist ekki hafa umboð til að samþykkja það og fór af fundinum.
- Svar komið frá ÍSAL vegna hlutastarfa, næst er fundur trúnaðarráðs 6. des.
- Kjarasamningur Neptún loksins í höfn.
- Ferð VM til Húsavíkur, skýrsla frá Guðna, Benóný og Lísu í gögnum fundarins. Verið að skoða hjá ASÍ hver næstu skref verða.
- Bókun Landsvirkjunar um skilgreininu á störfum.
- Kjarakönnunin í gangi á heimasíðunni, hvetja menn til að taka þátt.

### 3. Reglur um kynningu frambjóðenda

Reglurnar lagðar fram.

#### 4. Tillaga um breytingu á lögum VM

Formaður spurði hvort áhugi væri hjá stjórnarmönnum með að leggja aftur fram tillöguna um að kosið sé til stjórnar til fjögurra ára í stað tveggja eins og núna. Samþykkt var að leggja tillöguna fram aftur.

#### 5. Bundin séreign

Bréf hefur verið sent frá ASÍ og SA til lífeyrissjóðanna um að ekki sé verið að uppfylla ákvæði kjarasamninga varðandi tilgreinda séreign. Lagt er til að atvinnurekendur haldi áfram að greiða í sameignina þar til samkomula hefur náðst við stjórnvöld.

#### 6. Ósk um styrk

Bréf barst frá Styrktar- og sjúkrasjóði verslunarmanna í Reykjavík þar sem óskað er eftir þátttöku VM í endurnýjun tækjakostar endurhæfingarstöðvar á Reykjalundi. Samþykkt var að styrkja um 300.000 kr.

#### 7. Lagt fram til upplýsinga

ASÍ sendi béf með yfirskriftinni **Ábyrgur vinnumarkaður og velferð á vinnumarkaði** til stjórnsmálaflokka sem voru í samningaviðræðum um myndun ríkisstjórna og bréfið verður líka sent til þeirra sem næst fara í viðræður.

#### 8. Önnur mál.

Hugmynd sem kom upp fyrr á árinu um að senda aðalfundinn út á nokkrum stöðum á landinu þar sem félagsmenn gætu tekið fullan þátt er ekki framkvæmanleg eins og er. Við getum sent út fundinn en það er ekki hægt að kjósa eða taka beinan þátt. Áfram verður unnið í að finna lausn á þessu svo þetta veði hægt í framtínni.

Fundi slitið kl. 14:40